

78. Fundur (aukafundur) sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2013, kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þórsoddsson, Ævar Rafn Marinósson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Reimar Sigurjónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Gunnólfur Lárusson, Magnús Jónsson endurskoðandi frá KPMG og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Sigurður Ragnar Kristinsson gerði athugasemd við að fundurinn var ekki auglýstur og ekki haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn eins og venja er. Fundarmenn tóku undir það að það hefði verið betra að auglýsa hann. Sveitarstjóri taldi að það ætti ekki að auglýsa fundinn vegna trúnaðar við kauphöllina. Ákveðið var halda áfram með fundinn en að auglýsa sveitarstjórnarfund vegna seinni umræðunnar vel.

1. Ársreikningur Langanesbyggðar 2012 fyrri umræða.

Sveitarstjóri, ásamt Magnúsi Jónssyni, fór yfir helstu tölur í ársreikningi Langanesbyggðar, ásamt sundurliðunum. Jafnframt var lögð fram skýrsla endurskoðenda.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A og B hluta, sbr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Naust og Fræ ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2012 námu rekstrartekjur A og B hluta 654,5 millj. kr. samanborið við 590,2 millj. kr. á árinu 2011. Hækkun milli ára nemur því um 9,8%.

Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 546,7 millj. kr. en voru 554,8 millj. kr. á árinu 2011. Lækkun frá fyrra ári nemur 1,5%.

Fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum eru sambærilegt á milli ára. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2012 og árið 2011 námu 50,3 millj. kr.

Ebita fyrir árið 2012 var 154,3 milljónir kr en fyrir árið 2011 var hún 75,3 milljónir kr.

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti ársins 2012 nemur veltufé frá rekstri 111,2 millj. kr. samanborið við 39,7 millj. kr. á árinu 2011.

Hagnaður ársins nemur því 57,3 millj. kr. fyrir A og B hluta, samanborið við 17,5 millj. kr. rekstrarhalla á árinu 2011.

Skuldahlutfall A og B hluta Langanesbyggðar er í árslok 2012 88,5% en var 110,8% í árslok 2011 og hefur því lækkað um 22,3% á milli ára. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr.138/2011 má skuldahlutfall ekki vera hærra en 150 % .

Ársreikningi vísað til síðari umræðu sem verður miðvikudaginn 8 maí nk. Sveitarstjóra falið að senda út fréttatilkynningu.

Seinni umræða verður á miðvikudaginn 8. maí kl. 17.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 19:30